



Nefndasvið Alþingis  
b.t. fjárlaganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Efni: Umsögn Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS) um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028. Löggjafarþing 153 2022-2023. Þingskjal 1398 - 894. mál.**

Samband ungra sjálfstæðismanna (hér eftir nefnt *SUS*) lýsir yfir vonbrigðum með þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028. Framlögð tillaga ber vott um metnaðarleysi ríkisstjórnarinnar í baráttunni gegn verðbólgunni og vandamálinu velt yfir á framtíðarkynslóðir.

**Báknið burt**

Helsta efnahagslega áskorun landsins um þessar mundir er að draga úr verðbólgu og verðbólguvæntingum. Í framlagðri þingsályktunartillögu er, að mati SUS, alltof skammt gengið í aðhaldi í ríkisrekstri og telur SUS nauðsynlegt að ráðast í umfangsmeiri aðgerðir til að ná tókum á verðbólgunni. SUS áréttar að ríkissjóður glímur við útgjaldavanda en ekki tekjuvanda. Því eru það sár vonbrigði fyrir SUS að sjá Sjálfstæðisflokkinn boða skattahækkunar á fyrirtækin í landinu í stað þess að ráðast að rót vandans, útgjöldum ríkissjóðs. Þó eru kynntar aðgerðir sem SUS styður heilshugar en þau fyrirheit um að sameina ríkisstofnanir og koma á sameiginlegum vinnurýmum á næstu árum eru ekki til þess fallin að draga úr verðbólgu í dag.

SUS lýsir vonbrigðum yfir að ekki hafi verið hugað betur að eftirfarandi þáttum:

- Aukið aðhald:

SUS telur nauðsynlegt að innleiða útgjaldareglu á ríkissjóð. Með því eru stjórnvöld ákveðnar skorður reistar þegar kemur að ríkisútgjöldum. Á undanförunum árum hafa ríkisútgjöld vaxið óhóflega, þrátt fyrir að horft sé framhjá viðbrögðum stjórnvalda við faraldrinum. Huga þarf betur að því hvernig farið er með skattfé og þeim skal ráðstafa á skynsaman og hagkvæman máta - skattfé er ekki ótakmörkuð auðlind. Í umræddri tillögu er almenn aðhaldskrafa tvöfölduð, úr 1% í 2%, þó með ákveðnum undanþágum fyrir rekstur grunnþjónustu. Nú þegar hefur verið 1% aðhaldskrafa í fjölda ára og hefur ekki skilað tilætludum árangri enda hafa ríkisútgjöld vaxið upp úr öllu valdi. Ráðast þarf í umfangsmikinn og markvissan niðurskurð í opinberum rekstri til að ná endum saman.

Það er ekki lögmál að ríkisstofnanir þurfi að vera í skrifstofurými á dýrustu fermetrum landsins. Miklir fjármunir myndu sparast með færslu ríkisstofnana í ódýrara skrifstofuhúsnæði. Draga ætti úr óþarfa ferðalögum opinberra starfsmanna.

- *Greiða niður skuldir*

Leggja ætti meira kapp á niðurgreiðslu skulda. Vaxtakostnaður ríkisins hefur risið úr öllu valdi undanfarin misseri og því mikilvægt að ráðast á rót vandans og greiða niður skuldir. Niðurgreiðslur skulda hafa jafnframt jákvæð áhrif á lánsþæfismat íslenska ríkisins og lægri fjármögnunarkostnaður einn fylgifiskur þess.

- *Opinberir starfsmenn:*

Snúa þarf við þeirri þróun sem átt hefur séð stað undanfarin misseri á opinberum vinnumarkaði en opinberum starfsmönnum hefur fjölgað gríðarlega hratt en árið 2021 var um þriðjungur heildarfjölda launafólks opinberir starfsmenn. SUS telur brýnt að endurskoða ráðningarstefnu hins opinbera og leita leiða til að auka hagkvæmni og skilvirkni í opinbera kerfinu til að mynda með sameiningu stofnana með það að leiðarljósi að reyna að auka hagræðingu og samlegð í opinbera kerfinu.

- *Útvistun verkefna*

Leita skal leiða til að auka útvistun verkefna á vegum hins opinbera til að mynda í heilbrigðis- og menntageiranum. Ríkið á að setja þann sem fær þjónustuna í fyrsta sætið, ekki þann sem veitir hana. Liður í því væri að útvista verkefnum landsspítalans til einkaaðila til að mynda þegar kemur að liðskiptaaðgerðum og almennum heilsufarsskoðunum. Það hefur sýnt sig að einkaaðilar eru færir um að veita jafngóða, ef ekki betri þjónustu, á hagkvæmari hátt heldur en hið opinbera.

- *Losa um eignarhald ríkisins*

Hið opinbera á ekki að standa í samkeppnisrekstri á neinum sviðum hagkerfisins og leita ætti allra leiða til að takmarka umsvif hins opinbera á samkeppnismarkaði.

Klára ætti söluna á Íslandsbanka í einum áfanga á þessu ári, ekki í tveimur áföngum yfir næstu tvö ár líkt og fjármálaáætlun segir til um. Þá jafnframt ætti ríkið að hefja sölufurli á meirihluta í Landsbankanum. Með því að draga úr eignarhluti ríkisins á fjármálamarkaði dregst áhætta ríkissjóðs saman og heilbrigður samkeppnismarkaður verður á markaðnum. Þá jafnframt ætti að skoða fleiri leiðir til að draga úr eignarhluti ríkisins á öðrum sviðum, til að mynda Íslandspósti, Isavia og Landsvirkjun.

Þá jafnframt ætti að hætta að ríkisstyrkja stjórnmalaflokka og fjölmiðla. Vandamál á fjölmiðlamarkaði verða ekki leyst með ríkisstyrkjum heldur með því að ráðast á rót vandans og leggja niður Ríkisútvarpið (RÚV). Þau menningarlegu verkefni sem RÚV sinnir er hægt að útvista til einkaaðila.

Leggja ætti niður áfengis- og tóbakssölu ríkisins (ÁTVR) með þeirri aðgerð sparast fjármunir kostnaður, til að mynda launakostnaður og leiga á húsnæði.

Með því, t.d. að losa um eignarhlut ríkisins í fyrrnefndum fyrirtækjum, losar ríkissjóður um fjármagn sem gæti nýst í fjárfestingar eða að greiða niður skuldir.

**Stöndum vörð um atvinnulífið og verðmætasköpun hagkerfisins**

SUS lýsir jafnframt yfir miklum vonbrigðum yfir fyrirhuguðum hækkunum á tekjuskatt fyrirtækja. Skattahækkunarir geta dregið úr vaxtarmöguleikum fyrirtækja og jafnvel kippt undan þeim starfsgrundvelli.

Samkomutakmarkanir vegna faraldursins komu fyrirtækjunum í erfiða stöðu og ekki bætti úr skák er kjarasamningarnir voru samþykktir í lok síðasta árs og byrjun þessa með tilheyrandi hækkunum á launakostnað fyrirtækjanna. Framundan er erfið kjaralota og frekar launahækkanir fyrirséðar. Í stað þess að þrengja enn frekar að fyrirtækjunum ætti fremur að horfa til þess að létta á þeim.

Verðmætasköpun almenna vinnumarkaðarins leggur grunn að hagvexti og vaxandi lífskjörum landsmanna. Horfa ætti frekar til þess að greiða leið fyrirtækja til áframhaldandi verðmætasköpunar heldur en að leggja stein í götu þeirra.

### **Samantekt**


Helsta efnahagslega áskorun landsins um þessar mundir er að draga úr verðbólgu og verðbólguvæntingum. Óskandi væri ef ríkisstjórnin hefði kynnt raunhæfar og metnaðarfullar aðgerðir til þess að draga úr verðbólgu og verðbólguvæntingum í dag. Nýkynnt fjármálaáætlun ber þess merki að ætlunin er að velta vandamálinu yfir á framtíðarkynslóðir.

Samband ungra sjálfstæðismanna áréttar að staða ríkissjóðs er útgjaldavandi, ekki tekjuvandi. Því eru það sár vonbrigði fyrir SUS að sjá Sjálfstæðisflokkinn boða skattahækkanir í stað þess að ráðast að rót vandast, útgjöldum ríkissjóðs. Sérstaklega í ljósi þess að af nægu er að taka á útgjaldahliðinni.

***Besta vopnið gegn verðbólgu er að minnka báknið og lækka ríkisútgjöld.***

14. apríl 2023

Fh. Sambands ungra sjálfstæðismanna



Lísbet Sigurðardóttir, formaður